

Fundargerð nr. 5 stjórn FFGÍR Akurskóli mánudaginn 11.janúar 2010 kl.17-18.

1.Fundargerð síðasta fundar lesin.

2.Umferðaröryggi barna, fundarmenn ræddu könnun sem var send á alla grunnskóla og Ingigerður sagði frá innihaldi greinar sem blaðamaður Víkurfréttu ætlar að birta í blaðinu þegar hann hefur pláss.

Senda ábendingar til bæjarstjóra og til Gulla. Sendum í hvert skólaráð og óskum eftir umræðu og úrbótum. Ingigerður sendir á hvert skólaráð niðurstöður úr könnuninni. FFGÍR fagnar því hvað lögreglan er sýnileg á skólalóðum á haustin og af og til. Ingigerður tekur að sér að athuga hvort búið sé að setja greini við hvern skóla.

3.Fyrirlestraröð FFGÍR byrjar annað kvöld (12.janúar) þar sem Marta Eiríksdóttir ætlar að fjalla um hvort jákvæðir foreldrar skapi jákvæði börn. Næsti fyrirlestur verður 23.febrúar (Sigríður Bílddal námsráðgjafi), þriðji fyrirlesturinn verður 15.mars (Ásdís Olsen og Dagbjört) og sá fjórði, Unglingarnir og við, (Þórkatla Aðalsteinsóttir), verður 14.apríl kl.20.

4.Frístund. Samkvæmt athugun sem Ingigerður gerði hjá skólastjórum sýndi að einn stjórnandi hefur fengið ábendingar frá foreldrum að Frístund ætti að vera opin á starfsdögum kennara.

Upp kom sú ábendinga að samræmi sé milli starfsdaga grunnskóla og leikskóla í grennd. Senda ábendingar til bæjaryfirvalda þ.e. Fræðsluskrifstofu. Ingigerður tekur það að sér.

5.Einelti Upp kom sú hugmynd að útbúa fræðsluefni fyrir foreldra þegar barn byrjar í skóla um einelti. Foreldrar geta gert gæfumuninn þegar uppræta á einelti og okkur finnst mikilvægt foreldrar viti hvað gerist innan skólans þegar barn lendir í einelti eða leggur aðra í einelti.

Er eineltisáætlun í hverjum skóla? Er hún sýnileg á heimasíðu skólanna? Hver er ábyrgur í hverjum skóla. Ingigerður tekur að sér að gera könnun á heimasíðum hvers skóla og í skólanámskrám .

Senda fræðsluskrifstofu erindi ef eineltisáætlun er ekki sýnileg í skólanámskrá eða á vef.

6. Önnur mál

- a) Fyrirspurn: FFGÍR borgar samtals 140 þúsund kr.fyrir fyrirlestrana.
- b) Senda fyrirspurn til skólaráðs hvers skóla. Fá upplýsingar um fjölda kennslustunda, forföll kennara og hvort forfallakennari sé til staðar í skólum. Hvað eru margar heildarstundir á síðustu önn? 8.-10.bekk sem nemendur fengu enga kennslu. Eru yngri börn send heim? Ingigerður sendir fyrirspurn til Skólaráða.
- c) Umferðarvesti gefa börnum ef að við fáum góð kjör. Verið að bíða eftir tilboði frá Baldri í Sparisjóðnum.
- d) Hugmynd fyrir næsta haust semja blöðung til að afhenda nýjum nemendum. Upplýsingar um FFGÍR og foreldrafélög hvers skóla og um hlutverk bekkjarfulltrúa.